



Skipulagsstofnun
Erindi skilað í skipulagsgáttina

23. desember 2025

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna endurvinnslu á saltgjalli og gjallsandi á Grundartanga (mál nr. 1565/2025)

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn sem lögð hafa verið fram með mats-skyldufyrirspurn vegna endurvinnslu á saltgjalli og gjallsandi á Grundartanga, sbr. ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin felur í sér áframhaldandi og aukna úrvinnslu á efni sem áður var annaðhvort urðað eða flutt úr landi til endurvinnslu. Ekki er um aukningu á hráefnismagni eða afkastagetu að ræða, heldur breyttan farveg fyrir úrgang. Ferlið er jákvæðara með tilliti til úrgangsstjórnunar.

Umsögn

Efnin sem unnið er með innihalda m.a. salt, súrál, snefilefni og leifar málma. Þar sem þessi efni geta haft skaðleg áhrif á vatnshlot, lífríki og jarðveg ber að leggja áherslu á viðeigandi mengunarvarnir í breytingu á starfsleyfi.

Þar sem framkvæmdin hefur í för með sér viðbótar vatnsnotkun miðað við fyrri starfsemi þarf að liggja fyrir að nægilegt vatn sé til staðar og aukin vatnsnotkun hafi ekki neikvæð áhrif á núverandi notendur.

Niðurstaða

Það er mat heilbrigðiseftirlitsins að breytingin sé líkleg til að draga úr heildarmengun og stuðli að sjálfbærari nýtingu auðlinda. Mikilvægt er þó að við endurskoðun starfsleyfis eru gerðar kröfur um viðeigandi mengunarvarnir og vöktun í samræmi við breytta starfsemi.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

22. desember 2025, Reykjavík
UOS2511108/R.S.

Umsögn – Matskyldufyrirspurn – Endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Alur álvinnsla áformar að bæta skrefi við framleiðsluferill sinn sem að breytir saltgjalli og gjallsandi í söluvöruna NMP, en í dag eru saltgjall og gjallsandur úrgangur úr endurvinnsluferli þeirra á álgjalli og sem það verði sent erlendis til endurvinnslu eða urðað í flæðigryfjunum á Grundartanga. Úr endurvinnsluferli þeirra á álgjalli munu því fást tvær vörur í stað einnar áður, annars vegar ál sem er selt til álbræðslna og hins vegar NMP sem selt er til iðnaðarframleiðslu og er m.a. notað til íblöndunar í steinull, sement og malbik.

Umsögn stofnunarinnar

Í matskyldufyrirspurninni var lagt mat á áhrif á vatn og loftgæði, en áhrifin voru í báðum tilvikum metin óveruleg. Flúor og klór sem að nú skila sér til sjávar í gegnum útskolun frá flæðigryfjum mun fara út um frárennsli frá starfseminni og því sé ekki ástæða til að ætla að áhrif á lífríki breytist við það. Þá segir í matskyldufyrirspurninni um loftgæði að lítið magn af vetni og metan geti fræðilega myndast en ekkert hafi mælst í tilraunum. Metan og vetni í úblæstri verður vaktað. Þá verði ekki lengur hætta á ammoníakslykt líkt og nú þar sem að viðbótarferillinn fjarlægir ammoníak.

Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að saltgjall og gjallsandur séu endurunnin á staðnum frekar en að vera send til endurvinnslu erlendis eða urðuð í flæðigryfjum. Þá er einnig jákvætt að ammoníak muni ekki berast lengur frá framleiðslunni. Ekki er talið líklegt að tilfærsla á losun flúors frá flæðigryfjum í frárennsli muni hafa áhrif á strandsjávarhlötið, en styrkur þessi í vöktunarmælingum í Hvalfirði hefur mælst eðlilegur fyrir sjó.

Fyrirhuguð breyting á framleiðsluferli Als álvinnslu kallar á breytingar á starfsleyfi þeirra en Alur hefur þegar sótt um breytingu á starfsleyfi sínu.

Umhverfis- og orkustofnun telur að fyrirhuguð breyting sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymi leyfa og umsagna

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 19.12.2025
MFRI: 2025-12-0601

Efni: Umsagnarbeiðni - endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga

Með tölvupósti dags. 24. nóvember 2025 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðra breytinga á framleiðsluferlum Alur álvinnslu á Grundartanga, sem lúta að endurvinnslu á saltgjalli og gjallsandi.

Í matsskyldufyrirspurn er m.a. fjallað um möguleg áhrif á vatnshlot og metið svo að ástand vatnshlota muni ekki hnigna og að áhrif verði óveruleg. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við kynnt mat á áhrifum á vatnshlot. Af gefnu tilefni er vert að koma á framfæri almennri ábendingu um að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda á ferskvatn-, árósavötn- og/eða sjó þarf einnig að horfa til staðbundinnar mengunar til viðbótar við að horfa til regluverks og umhverfisviðmiða sem skilgreind eru undir stjórn vatnamála. Út frá þeim upplýsingum sem fylgja umsagnarbeiðninni telur Hafrannsóknastofnun þó að hvorki séu líkur á athugunarverðri aukinni mengun á nærsvæði starfseminnar sem kalli á sérstakt umhverfismat, né heldur að meta þurfi möguleg áhrif á vatnshlot þau sem fjallað eru um í matsskyldufyrirspurninni.

Niðurstaða: Hafrannsóknastofnun telur kynnta breytingu á framleiðsluferlum frekar líklegri til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar, og telur ekki ástæðu til frekara mats umhverfisáhrifum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Hrönn Egilsdóttir

Sviðstjóri Umhverfissviðs

Skipulagsstofnun

b.t. Sigurður Ásbjörnsson

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes
Sími 433 8500
Kt. 630606-1950

Hvalfjarðarsveit, 17. desember 2025

Efni: Endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga. Mál nr. 1565/2025

Umsögn Hvalfjarðarsveitar dags. 10. desember 2025

„Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar við mál nr. 1565/2025 í Skipulagsgátt sem varðar endurvinnslu Als álvinnslu, á saltgjalli og gjallsandi á Grundartanga, en um er að ræða tilkynningu um framkvæmd (tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu) og er kynningartími frá 24.11.2025 til 23.12.2025. Með erindinu fylgdi matsskyldufyrirspurn sem VSÓ ráðgjöf hefur unnið fyrir Al Álvinnslu ehf. vegna fyrirhugaðrar endurvinnslu á allt að 5.000 tonnum á ári af saltgjalli og gjallsandi í verksmiðju Als á Grundartanga. Endurvinnslan mun fara fram í því húsnæði sem fyrir er, en saltgjallið og gjallsandurinn myndast sem úrgangur úr þeirri endurvinnslu áls úr álgjalli sem þar fer nú fram. Fyrirhuguð endurvinnsla er því viðbót við starfsemina sem fyrir er og til þess fallin að vinna seljanlegar afurðir úr úrgangi sem nú fellur til. Framkvæmdin kallar ekki á breytingar á skipulagsáætlunum.

Eins og fram kemur í matsskyldufyrirspurninni flokkast saltgjall og gjallsandur sem hættuleg efni. Hingað til hefur saltgjall verið sent til endurvinnslu erlendis, en gjallsandur urðaður í flæðigryfju á Grundartanga. Með fyrirhugaðri framkvæmd verður því bæði komið í veg fyrir flutning á hættulegu efni milli landa og urðun úrgangs frá Al í flæðigryfju.

Í fyrirspurninni kemur fram að helstu áhrifaþættir umræddrar breytingar á framleiðslu Als séu losun í loft og í frárennsli. Því er fjallað um áhrif á vatnshlot og loftgæði í matsskyldufyrirspurninni.

Fyrirhuguð starfsemi hefur í för með sér losun á flúor og klór í frárennsli, en magnið er minna en svo að líklegt geti talist að það hafi áhrif á strandsjó (vatnshlot 104-1330-C). Auk þess er þarna um að ræða losun sem væntanlega á sér nú þegar stað að einhverju leyti vegna leka frá flæðigryfju. Starfsemin ætti ekki að geta haft áhrif á grunnvatnshlot (104-193-G).

Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð starfsemi hafi í för með sér litla sem enga losun í andrúmsloft. Þá er líklegt að ferlið komi í veg fyrir ammoníaklykt sem fram kemur að hafi verið til óþæginda í verksmiðjunni og í nágrenni hennar.

Meginniðurstaða matskyldufyrirspurnarinnar er að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á vatnshlot og óveruleg og þó frekar jákvæð áhrif á loftgæði.

Virðingarfyllst,
f.h. Hvalfjarðarsveitar
Umhverfis- og skipulagsdeild